

Ásgrími Kristjánssyni, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, kr. 91.100.

Sverri Sigurðssyni, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800.

Árna Konráði Bjarnasyni, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500.

Gunnari Jóhannssyni, Blikahólum 10, Reykjavík, kr. 14.954.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslulaun til Páls Arnórs Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 114.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 38/1980. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Jóhanni Jóhannssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. mars 1980 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 10. s. m.

Svo sem málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði, er fram kominn rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi falsað og notfært sér tékka þá, er þar greinir. Varða slík brot við 155. gr. almennra hegningarlaga, og liggur fangelsisrefsing við þeim.

Með þessari athugasemd og skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

## Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. mars 1980.

Ár 1980, laugardaginn 8. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 7. þ. m. gerði rannsóknarlögregla ríkisins þá kröfu til dómsins, að kærði í máli þessu, Jóhann Jóhannsson, er telur sig eiga lögheimili að Bjarnarstíg 9 hér í borg, fæddur 22. júní 1945, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 19. s. m. vegna gruns um brot gegn 155., 244. og 248 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Rannsóknarlögreglan handtók kærða 6. þ. m. vegna máls þessa. Hann var leiddur fyrir dóm í gær, 7. þ. m., og var ákveðið að hafa hann í haldi, uns úrskurður gengi um framangreinda kröfu.

Málsatvik eru þau, að hinn 6. þ. m. kærði Hafsteinn Blandon, Skeggjagötu 8 hér í borg. f. h. verkfræðistofunnar Kvasir h/f, Veltusundi 3, þjófnað á 4 tékkaeyðublöðum úr tveimur tékkheftum, en í ljós hafði komið, að tékkar höfðu verið falsaðir á eyðublöð þessi og seldir í útibúum Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borginni. Tékkar þessir, sem eru nánar raktir í skjölum málsins, eru samtals að fjárhæð 1.911.880 krónur. Komið hefur í ljós, að allar nafnritanir á tékkunum eru falsaðar og reikningsnúmer ekki rétt.

Samkvæmt upplýsingum útibússtjóra Breiðholtsútibús Iðnaðarbankans var stofnuð þar sparisjóðsbók nr. 23547 hinn 28. f. m. Innlegg var samkvæmt gögnum málsins kr. 7.000. Nafn bókkareiganda var gefið upp Lúðvík Lárusson, Suðurhólum 4, Reykjavík, nafnnúmer 6189-5779. Samkvæmt beiðni eiganda var merki fyrir bókinu „Lúðv.Lár.“

Andvirði umræddra tékka var lagt inn á sparisjóðsbókina 29. febrúar sl., en sama dag voru teknar út úr henni krónur 1.915.000 við framvísun hennar í aðalbanka í Lækjargötu. Þetta er hægt, þar sem Iðnaðarbanki Íslands h/f hefur nýlega tekið í notkun tölvukerfi, sem virkar þannig, að þegar peningar eru lagðir inn í eitthvert útibúa bankans, kemur það strax fram í tölvu í aðalbankanum.

Gjaldkeri sá í Breiðholtsútibúi, er annaðist framangreind viðskipti, hefur gefið lýsingu á manni þeim, sem opnaði sparisjóðs-

bók þá, er áður greinir, og getur sú lýsing komið heim við kærða. Þá fór fram sakbending, og benti gjaldkerinn á kærða. Kvað hún hann vera líkastan þeim manni, sem hún afgreiddi í bankanum, og þann eina, sem kæmi til greina af þeim mönnum, sem hafðir voru í sakbendingunni, en þeir voru sex að tölu auk kærða.

Kærði hefur neitað að vita nokkuð um mál þetta. Hann hefur verið spurður um tekjur sínar undanfarið, og sagðist hann ekki sjá ástæðu til að greina frá þeim. Kærði hefur unnið í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur, og kveður hann síðustu greiðslur hafa verið inntar af hendi til sín um mánaðamótin janúar/febrúar sl.

Þegar kærði var handtekinn, var hann með á sér í reiðufé kr. 745.200 og auk þess með kvittun um, að hann hefði greitt víxil í Landsbankanum að fjárhæð kr. 100.000 sama dag og hann var handtekinn. Kærði hefur gefið þá skýringu á peningaeign sinni, að hann hafi selt húsgögn fyrir um kr. 800.000 og frystikistu fyrir kr. 250.000, en ekki getað upplýsi, hverjir voru kaupendur. Komið hefur fram í málinu, að kærði hefur ávisanareikninga við Alþýðubankann og Múlaútibú Landsbanka Íslands. Hinn 29. febrúar lagði hann inn á reikninginn við Múlaútibúið kr. 500.000, en sú upphæð var tekin út 6. þ. m. Á reikninginn við Alþýðubankann lagði kærði inn hinn 3. þ. m. kr. 250.000, en eftir standa nú kr. 150.000.

Tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins hefur hafið rannsókn á hinum fölsuðu tékkum, er að framan greinir, og gert m. a. sam-anburð á þeim og tékkum úr málum frá árinu 1976, sem kærði kannaðist við að hafa falsað. Segir í skýrslu rannsóknarlögreglunnar, að allir framangreindir tékkar séu skrifaðir á ritvél með sams konar leturgerð og kærði notaði við tékkafals haustið 1976. Þá kemur og fram, að fjárhæðir allra tékkanna í tölustöfum eru skrifaðar allra fremst á þar til gerðan reit á tékkaeyðublöðunum. Enn segir í skýrslunni, að rannsókn sé að hefjast á því, hvort sérkenni sé að finna í vélritaða textanum, sem séu einkennandi fyrir ritvélinu, sem þeir séu skrifaðir með. Loks greinir frá því, að áþekk einkenni hafi komið fram í ritöndinni á tékkunum og tékkum um þeim, sem kærði hefur viðurkennt að hafa falsað.

Í álitserð Maríu Bergmann rithandarsérfræðings, dags. í dag, segir, að ritun á sýnum, þ. e. þrír af tékkum þeim, sem kærði er grunaður um að hafa falsað, og sönnuð rithönd kærða á þremur sýnum sýni, að um skrift sömu persónu sé að ræða. Telur hún einstaklingseinkenni viðkomandi rithandar koma sérstaklega

greinilega fram í stöfum, sem hún tilgreinir nánar í 9 töluliðum í álitserðinni.

Í beiðni rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald segir, að rannsókn málsins sé á byrjunarstigi. Eftir sé að kanna m. a. fjárreiður kærða og ýmisleg atriði í skýrslu hans, svo sem sölu á húsgögnum o. fl. Þá muni tæknideild rannsóknarlögreglunnar eiga mikið starf eftir við rannsókn tékka þeirra, sem mál þetta er sprottið af.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir vera fram komin rökstuddur grunur um, að kærði kunni að eiga þátt í fölsun og notkun framangreindra tékka. Þykir mega fallast á kröfu rannsóknarlögreglunnar með tilvísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi til 19 þ. m., enda samrýmist það 65. gr. stjórnskrárinnar.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi til 19. mars nk.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 95/1977. **Kristján Guðmundsson**  
(Logi Guðbrandsson hrl.)  
gegn  
**Stykkishólmshreppi**  
**Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og**  
(Skúli J. Pálsson hrl.)  
**samgönguráðherra f. h. samgöngu-**  
**ráðuneytisins**  
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Samningar. Stjórnsýsla. Vanhæfi stjórnvalds. Sérákvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar G. Schram prófessor.